

Básúna

Básúnur eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Námskrá þessi gerir ráð fyrir að algengasta gerðin, tenórbásúnan, sé notuð sem aðalhljóðfæri.



Nám á básúnu getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið. Algengast er að básúnunám hefjist um 9 til 10 ára aldur.

Tenórbásúnan er til í nokkrum útfærslum. Mælt er með því að ungir byrjendur hafi til umráða fremur létt hljóðfæri með grönnum pípum (t.d. medium eða small bore). Munnstykki byrjenda ættu heldur ekki að vera stór. Eðlilegt er að nemendur skipti yfir á stærra hljóðfæri og stærra munnstykki þegar þeir vaxa að burðum og ná betri tókum á básúnuleiknum. Mælt er með að nemendur kynnist sem fyrst notkun F-ventils og hafi til umráða slíkt hljóðfæri eigi síðar en í miðnámi.

Þar sem sleðinn er aðaleinkenni básúnunnar er ekki hægt að líta á takkabásúnu sem básúnu enda er hún ventlahljóðfæri, skylt barítónhorni. Í námskránni er miðað við að notuð sé sleðabásúna.

Töluvert er til af tónlist fyrir básúnu, bæði einleiks- og samleiksverkum. Mikill meirihluti kennslubóka fyrir básúnu er ætlaður tenórbásúnu en sérstakar kennslubækur eru til fyrir alt- og bassabásúnu. Básúnan er notuð í flestum tegundum tónlistar: sígildri tónlist, ýmiss konar blásaratónlist, djassi, dægurtónlist og samtímatónlist.

Þó að vissrar tilhneigingar gæti til að skipta básúnuleikurum í tvo aðalflokka, þ.e. tenór- og bassabásúnuleikara, er öllum básúnuleikurum hollt að kynnst fleiri en einum meðlim básúnufjölskyldunnar einhvern tíma á námsferlinum.

Mikið er til af samleiksverkum fyrir málmblásara. Algengust eru kvintettar, kvartettar og tríó en einnig er talsvert um verk fyrir stærri hópa, svo sem lúðrasveitir og málmblásarakóra. Mjög æskilegt er að nemendum á málmblásturshljóðfæri gefist tækifæri til að kynnst þessari tónlist, gjarnan í reglulegu starfi samleikshópa. *(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).